

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

3. tbl. 2. árg.

6. mars 2024



Fyrsta skóflustunga að nýju húsi við Aðalgötu 16 var tekin í lok febrúar.

Fyrsta skóflustungan við Aðalgötu 16

Fyrsta skóflustungan að parhúsi á tveimur hæðum við Aðalgötu 16 í Stykkishólmi var tekin á hlaupársdegi, 29. febrúar síðastliðinn. Þ.B. Borg er með verkið en nú hillir undir verk-

lok við Aðalgötu 15 þar sem fyrirtækið hefur reist glæsilegt hús í gömlum stíl. Það er Efling stéttarfélag sem stendur fyrir framkvæmdum en Sveinn Ingvason, sviðsstjóri orlofssviðs

Eflingar, tók fyrstu skóflustungu að byggingunni. Húsið verður afar svipmikið og er byggt í þeim gamla stíl sem einkennir bæjarmyndina í Stykkishólmi en mikill metnaður lagður

í að það falli vel inn í þá mynd, segir á vef Eflingar. Áætlað er að framkvæmdir muni taka allt að einu ári og húsið verði komið í fulla notkun fyrir sumarið 2025.

Bæjarstjórn andmælir kröfu ríkisins kröftuglega



Horft yfir Stykkishólm og Breiðafjörð

Snemma í febrúarmánuði gáfu lögmenn ríkisins, fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, út kröfur fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á eyjum, skerjum og hólum innan landhelginnar. Súgandisey og Landey eru meðal þeirra eyja sem ríkið gerir tilkall til auk flestra annarra eyja á Breiðafirði. Mikil umræða hefur átt sér stað og kröfurnar vakið hörð viðbrögð víða. Eigendur þeirra eyja sem ríkið gerir tilkall til þurfa nú að leggja fram gagnkröfu til Óbyggðarnefndar og sanna eignarhald sitt. Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, hefur meðal annarra gagnrýnt ríkið fyrir samráðsleysi í viðtali við Ríkisútvarpið og bent á að hægt hefði verið að spara ríkinu umtalsverðar fjárhæðir og vinnu með samráði við sveitarfélögin. Þá benti bæjarstjóri á í viðtali við Skessuhorn að það sé ekkert sem rét-

tlætir það að halda þessum kröfum óbreyttum til streitu með tilheyrandi óþarfa áhyggjum og hugarangri fjölmargra Breiðfirðinga og annarra hagaðila í landinu. Vísaði bæjarstjóri þar til fyrirbyggjandi form- og efnislegra galla á kröfugerð ríkisins. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, dró í land með skrifum sínum á visir.is þar sem hún greinir frá því að hún hafi farið þess á leit við óbyggðanefnd að nefndin endurskoði afstöðu sína í þjóðlendumálinu. Þar áréttar hún einnig að tilgangur verkefnisins snúi ekki að því að sölsa undir sig land heldur sé markmiðið að eyða óvissu um eignarréttindi lands. Óbyggðanefnd hafnaði hins vegar beiðni ráðherra stuttu síðar. Taldi nefndin að hún myndi ekki einfalda málsmeðferðina gagnvart hugsanlegum rétthöfum eyja og skerja með tillögum ráðherra.

Augljós óskýrleiki

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms þann 29. febrúar þar sem bæjarstjórn andmælti kröfulýsingu ríkisins afkræfti. Bæjarstjórn bendir á augljósa óskýrleika í kröfu ríkisins og telur hana form- og efnislega gallaða. Í því samhengi bendir bæjarstjórn á að stórstraumsfjöruborð, sem talað eru um í kröfulýsingunni, er ekki þekkt landfræðileg lína og afar mikilvægt sé að draga umrædda línu með skýrum hætti til að tryggja nauðsynlegan skýrleika sem þjóðlendulögin gera ráð fyrir. Þá telur bæjarstjórn einnig alvarlegan galla á kröfu ríkisins að hvergi sé minnst á netlög sem eru 115 metra frá stórstreymisfjöruborði landeignar eða niður á 6,88 metra dýpi. Sú eignarréttarlega staða er óumdeild enda fjallað um hana í fjölmörgum ákvæðum laga. Í krö-

fugerð ríkisins er þannig gerð krafa í eyjar og sker óháð því hvort svæðin liggja innan netlaga og ættu samkvæmt því að vera háð eignarrétti samkvæmt almennum lagaskilgreiningum. Bæjarstjórn telur frekari afmörkun ríkisins sé nauðsynleg til að tryggja vandaða málsmeðferð. Þá krefst bæjarstjórn þess að fjármála- og efnahagsráðherra beini því til lögmanna ríkisins að endurskoða kröfugerð ríkisins heildstætt vegna augljós óskýrleika á kröfu ríkisins og þeirra form- og efnisgalla. Bæjarstjórn beinir því jafnframt til Óbyggðanefndar að hún yfirfari kröfugerð ríkisins og taki það til umfjöllunar hvort kröfugerð ríkisins uppfylli þau skilyrði um skýrleika sem þjóðlendulögin gera ráð fyrir, en bæjarstjórn telur í ljósi framangreinds ljóst að kröfugerðin uppfylli ekki kröfu um skýrleika. Bæjarstjórn óskar einnig eftir því að Óbyggðanefnd upplýsi á hvaða kortagrunni ætti að byggja til að afmarka stórstraumsfjöruborð. Bæjarstjórn óskar jafnframt eftir því að Óbyggðanefnd staðfesti að kröfulýsingarfresti verði frestað ótímabundið þar til ríkið hafi lokið við nauðsynlega endurskoðun á kröfugerð sinni. Lesa má ályktun bæjarstjórnar í heild sinni á stykkisholmur.is



Sinfóníuhljómsveit Íslands í Stykkishólmi

Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur í Stykkishólm og heldur glæsilega tónleika í íþróttahúsinu fimmtudagskvöldið 7. mars kl. 19.30. Dagskrá tónleikanna skartar þremur verkum eftir höfuðtónskáld klassíska tímans en auk þess hljóma þrjú hugljúf íslensk lög í flutningi hljómsve-

itarinnar og sameinaðra kóra á Snæfellsnesi. Kórinn skipa um 80 söngvarar úr Kirkjukór Ólafsvíkurkirkju, Kirkjukór Grundarfjarðarkirkju, Karlakórnum Kára, Kirkjukór Ingjaldshólsskirkju, Karlakórnum Heiðbjörtu, Kvennasveitinni Skaða og Kirkjukór Stykkishólms-

skirkju. Stjórnandi er aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Eva Ollikainen. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og eru öll velkomin. Auk kvöldtónleikanna heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands skólatónleika fyrir yngri áheyrendur í íþróttahúsinu Stykkishólmi 8. mars. Þar

flytur hljómsveitin tónlistarævintýrið um Maxímús Músíkús þar sem Maxi villist inn á æfingu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynnist töfrum tónlistarinnar af eigin raun. Sögumaður er Valur Freyr Einarsson leikari og Ross Jamie Collins heldur um tónsprotann.

Slökkviliðsmenn buðu til veislu



Einar Strand heiðrar fyrrum slökkviliðsstjóra.

Þann 10. febrúar síðastliðinn voru liðin 110 ár síðan stofnað var formlegt slökkvilið í Stykkishólmi en reglugerð um slökkvilið

var sett þann dag árið 1914. Haldið var upp á þennan merka áfanga í húsnæði slökkviliðsins í Stykkishólmi á 112 daginn 11. febrúar síðast-

liðinn. Buðu þá slökkviliðsmenn og aðrir viðbragðsaðilar gestum að koma og skoða bíla og búnað á svæðinu og þiggja afmælisköku í

tilefni dagsins. Þá voru fyrrum slökkvistjórar heiðraðir í tilefni dagsins og þeim fært gyllt barmmerki slökkviliðsins að gjöf. En það voru þeir, Þorbergur Bæringsson, Högni Bæringsson Álfgeir Marinósson og Hannes Gunnarsson sem voru heiðraðir.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.



Bætt loftgæði í Tónlistarskóla Stykkishólms

Miðvikudaginn 27. febrúar síðastliðinn var ákveðið að loka tónlistarskólanum fram yfir helgi á meðan unnið væri að bættum loftgæðum í húsinu. Á meðan lokun stóð unnu starfsmenn Þjónustumiðstöðvar að tiltekt í tæknirými og kjallara húsnæðisins ásamt viðgerðum hér og þar. Þar að auki var fyrirtækið Disact fengið til að sótthreinsa húsnæðið með viðeigandi búnaði en fyrirtækið sérhæfir sig í að bæta loftgæði og vinnur meðal annars mikið

í skólabyggingum um allt land. Framundan eru endurbætur á pípulögnum, sprunguviðgerðir og fleira til að hlúa frekar að byggingunni. Kennsla hófst á ný mánudaginn 4. mars síðastliðinn. Eins og sjá má að myndinni hér til hliðar voru töluverð átök á starfsmönnum þegar þeir drösluðu gömlum vatnskútum úr kjallara tónlistarskólans og því dugði ekkert minna en að senda allra hraustasta starfsmann sveitarfélagsins í verkið og nokkra til aðstoðar.



Staða skólastjóra laus

Bæjarstjórn samþykkti á 22. fundi sínum að staða skólastjóra verði auglýst laus til umsóknar og viðhaft verði sama fyrirkomulag og síðast varðandi ráðningaferlið. Heimir Eyvindarson, sem gengt hefur

stöðu skólastjóra síðan í byrjun skólaárs, hefur sagt starfi sínu lausu og þakkar sveitarfélagið Heimi fyrir vel unnin störf í þágu skólans. Staða skólastjóra verður auglýst laus til umsóknar á næstu misserum.

